

FÉLAGS- OG SKÓLAÞJÓNUSTA
Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli

FUNDARGERÐ 44. FUNDAR

44. fundur í stjórn Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu þriðjudaginn, 21. apríl 2020, klukkan 14, í fjarfundakerfi Zoom.

Mættir:

Lilja Einarsdóttir, Brynja J. Jónasdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Haraldur Eiríksson, Þorsteinn M. Kristinsson, Þórunn Jóna Hauksdóttir og Svava Davíðsdóttir.

Þorsteinn M. Kristinsson ritar fundargerð í tölvu.

Dagskrá:

1. Fundargerð 43. fundar.

Gerð viðbót á dagskrá, þar sem fundargerð 43. fundar er lögð fram. Breyting á dagskrá samþykkt. Fundargerð samþykkt með áorðnum breytingum.

2. Efni samþykkt – leiðrétting.

Frestað.

3. Reglur um skólagöngu fósturbarna.

Frestað.

4. Ráðstafanir vegna kórónaveirufaraldurs.

Lagt fram til kynningar.

Komi upp sú staða að ráða þarf úr bakvarðasveit fyrir félagsþjónustu er formanni stjórnar veitt heimild til staðfestingar, þar til stjórn kemur næst til fundar.

5. Yfirfærsla rekstrar- og launabókhalds frá KPMG til Rangárþings eystra og skólaþjónustu.

Stjórn samþykkir að veita Þórunni Jónu Hauksdóttur umboð til að stofna bankareikning hjá Landsbankanum á kennitölu Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og jafnframt er veitt heimild til Þórunnar Jónu og Hrafnhildar Björnsdóttur til prókúru á þennan sama reikning.

6. Starfsmannamál.

Félagsþjónusta:

Engin starfsmannamál hjá félagsþjónustu.

Svava, forstöðumaður félagsþjónustu, yfirgefur fund.

Skólaþjónusta:

Forstöðumaður, Þórunn Jóna, fer yfir starfsmannamál skólaþjónustunnar. Hún tekur undir bókun á stjórnarfund, í mars 2019, að bæði stjórnunarþáttur og þáttur kennsluráðgjafa eru stórlega vanáætlaðir og það fyrirkomulag geti alls ekki gengið lengur miðað við starfsemi deildarinnar. Síðan þá hafa verið breytingar sem leiða af sér aukin viðvarandi og tímabundin stjórnunarumsvif og fjölgun verkefna. Að auki hefur kórónuveirufaraldur haft í för með sér aukið álag á nemendur, foreldra og skóla. Við þessu verður að bregðast.

Mikið hefur mætt á starfsmönnum skólaþjónustunnar með auknum og nýjum, krefjandi áskorunum vegna samkomubanns og tilmæla um félagsforðun. Með lausnamiðaðri nálgun, útsjónarsemi og þrautseigju en ekki síst mikill og óeigingjarnri vinnu hafa þeir tekist á við verkefnin. Þar sem aðstæður eru óvenjulegar mun forstöðumaður bjóða starfsmönnum handleiðslu. Kostnaður rúmast innan fjárhagsramma.

Forstöðumaður hefur veitt náms- og starfsráðgjafa tímabundið leyfi til eins árs. Starf hans er strangt til tekið ekki hluti af sérfræðiþjónustu á vegum skólaþjónustu, skv. reglugerð. Sveitarfélög hafa engu að síður sammælt um að slíkur ráðgjafi starfi í skólunum, undir verkstjórn forstöðumanns. Skv. grunnskólalögum er lagaskylda að í skólunum starfi náms- og starfsráðgjafi. Vilji er til að auglýsa eftir einum slíkum tímabundið í eitt ár.

Framundan er að ráða í fulla stöðu kennsluráðgjafa en í fjárhagsáætlun var ráðgert að ráða í 50%. Enn mun þáttur kennsluráðgjafa vera vanáætlaður og nauðsynlegt að ráða tímabundið í 100% starf annars ráðgjafa, með möguleika á framhaldandi ráðningu.

Auk þess vill stjórn skólaþjónustunnar beina þeim tilmælum til aðildarsveitarfélaganna, að tafarlaust verði auglýst eftir sérkennurum í skólana.

Stjórn óskar eftir nánari kostnaðargreiningu frá forstöðumanni skólaþjónustu vegna stöðu kennsluráðgjafa.

Næsti fundur áætlaður þriðjudaginn 5. maí 2020, kl. 14:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:37.

Lilja Einarsdóttir

Þorbjörg Gísladóttir

Þorsteinn M. Kristinsson

Svava Davíðsdóttir

Brynja J. Jónasdóttir

Haraldur Eiríksson

Þórunn Jóna Hauksdóttir